



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 58/2017

**Ákvörðun um sektir vegna vanrækslu Kornsins
að fara að fyrirmælum Neytendastofu um verðmerkingar**

I.

Málsmeðferð

Dagana 12. – 26. júní 2017 kom starfsmaður Neytendastofu í bakaríum Kornsins, Borgartúni, Hjallabrekku, Hrístateig, Lækjargötu, Spönginni og Ögurhvarfi í þeim tilgangi að skoða ástand verðmerkinga. Verðmerkingar voru skoðaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveða á um það að fyrirtækjum sem selja vöru eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Samkvæmt reglunum ber fyrirtækjum að verðmerkja vöru þar sem hún er höfð til sýnis neytendum. Skoðun starfsmanns Neytendastofu leiddi í ljós að verðmerkingar vantaði í kæla bakaríanna og í Korninu Hrístateig vantaði einnig merkingar á vörur ofan á borði.

Starfsmaður Kornsins kvittuðu fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru við verðmerkingarnar. Ekki voru gerðar athugasemdir við niðurstöður skoðunarinnar af hálfu starfsmanns bakaríanna. Í lok skoðananna skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf hjá fyrirtækinu þess efnis að skoðanirnar hafi farið fram og að Neytendastofa myndi senda fyrirtækinu bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga.

Með bréfi Neytendastofu til Gullakurs ehf., rekstraraðila Kornsins, dags. 28. júní 2017, greindi stofnunin fyrirtækinu frá niðurstöðum skoðunarinnar og gerði grein fyrir þeim lögum og reglum sem í gildi eru um verðmerkingar. Þá var þeim fyrirmælum beint til Gullakurs ehf. að koma verðmerkingum í betra horf að viðlögðum sektum.

Dagana 25. – 26. september 2017, var ástand verðmerkinga aftur skoðað hjá fyrirtækinu. Leiddi sú skoðun í ljós að búið var að setja upp verðskrá í kæla en var hún með smáu lettri og staðsett þannig að erfitt væri fyrir neytendur að sjá verð varanna. Þá var gerð athugasemd við Kornid í Lækjargötu að vörur væru ekki í samræmi við verðskrá í kæli og að kökur væru óverðmerktar.



Starfsmaður fyrirtækisins kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru við ástand verðmerkinga.

Með bréfi Neytendastofu til Gullakurs ehf., rekstraraðila Kornsins, dags. 4. október 2017, var fyrirtækinu gefinn tíu daga frestur til að koma að skýringum eða athugasemdum í málinu áður en tekin yrði ákvörðun á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Engar athugasemdir bárust Neytendastofu.

II. Niðurstaða

Í máli þessu hafði Gullakur ehf., rekstraraðili Kornsins ekki sinnt fyrir mælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum í bakaríum sínum í Borgartúni, Hjallabrekku, Hrístateig, Lækjargötu, og Ögurhvarfi í viðunandi horf innan tilsetts tíma eftir skoðun stofnunarinnar þann 26. júní 2017.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“

Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og heimildar í ákvæði 18. gr. sömu laga, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum.

Um verðmerkingar á vörum segir í 1.-3. mgr. 3. gr. verðmerkingareglanna:

„Fyrirtæki skal skýrt og greinilega merkja vöru sína með réttu söluverði og einingarverði í íslenskum krónum.“

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er þó heimilt að veita sömu upplýsingar nálægt vöru enda sé augljóst til hvaða vöru verðmerkingin vísar og tryggt sé að neytendur fái án vandkvæða aðgang að upplýsingum um sölu- og einingarverð sem skylt er að veita samkvæmt reglum þessum, sbr. 4. gr.



Skylda til að verðmerkja með sölu- og einingarverði gildir einnig hvar sem vörur eru til sýnis svo sem í búðargluggum, sýningarkössum, á vefsíðum eða annars staðar. Sé söluverðs getið í auglýsingum þarf einnig að tiltaka einingarverð.“

Samkvæmt ákvæðunum ber Gullakri ehf. ávallt að verðmerkja allar söluvörur sínar í verslunum sínum. Verðmerkingar þurfa jafnframt að vera skýrar og greinilegar.

Með því að verðmerkja ekki skýrt og greinilega með áberandi hætti hefur Gullakur ehf. brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005 sem og ákvæðum 3. gr. reglna nr. 536/2011. Þá hefur fyrirtækið ekki farið að fyrirmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum sínum í viðunandi horf innan tilskilins frests og því þykir stofnuninni nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

[...]

b. stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]

c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.“

Með vísan til alls framangreinds, sem og að teknu tilliti til meðalhöfsreglu stjórnsýslulaga og jafnræðisreglu stjórnsýslulaga með hliðsjón af sektarákvörðunum í sambærilegum málum, auk fyrri sektarákvörðunar gagnvart fyrirtækinu, þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á Gullakur ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð 250.000 kr. (tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

III.

Ákvörðunarorð:

„Gullakur ehf., Hjallabrekku 2, Kópavogi, rekstraraðili Kornsins, hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 3. gr. reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vöru, með því að hafa verðmerkingar í bakaríum í Borgartúni, Hjallabrekku, Hrístateig, Lækjargötu, og Ögurhvarfi skýrar greinilegar og áberandi.



Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Gullakur ehf. að fjárhæð kr. 250.000 (tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 7. desember 2017.

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir